

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um brot á banni við kaupum á vændi.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Telur ráðherra að breyta þurfi löggjöf svo að meginreglan um að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði, sbr. 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála, verði virt í málum vegna brota á 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga? Ef ekki, hvað þarf þá til að meginreglan sé virt af dómstólum? Ef svo er, hyggst ráðherra leggja til slíka breytingu á lögum?
2. Hefur lögreglan fullnægjandi rannsóknarheimildir til að rannsaka brot á 1. mgr. 206. gr. hegningarlaga? Ef ekki, hyggst ráðherra leggja til breytingar á lögum svo að lögreglu sé gert kleift að rannsaka með fullnægjandi hætti brot af þessu tagi?
3. Hvað hafa stjórnvöld gert til þess að afla upplýsinga um umfang vændis á Íslandi?

Skriflegt svar óskast.